

## FRÉTTATILKYNNING

### Félag um sögu og minjar stofnað í Skaftárhreppi

Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi var stofnað 21. september sl. Nafnið er táknrænt fyrir spor sögunnar, sem annars mást í sandinn, en tilgangur félagsins er einmitt að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Skaftárhreppi.

Fyrsta verkefni félagsins verður að hlúa að gamla verslunarhúsinu við Skaftárós, sem hin síðari ár hefur gegnt hlutverki neyðarskýlis, en nú hefur lokið því hlutverki sínu. Ætlunin er að gera húsið upp setja þar upp litla sýningu um menningar-, verslunar- og björgunarsögu þess, og koma salernisaðstöðu fyrir. Vonir standa til þess að þannig verði stuðlað að auknum ferðum fólks á Meðallandsfjöruna, sem bæði á sér mikla sögu og býr yfir kynngimagnaðri náttúru.

Í framhaldinu er ætlunin að taka fleiri þörf verk á svipuðum nótum fyrir. Stefnan er að huga að verkefnum sem víðast í hreppnum.

Stjórn félagsins skipa þau Ragnar Jónsson formaður, Skúli Baldursson gjaldkeri, Ingibjörg Eiríksdóttir ritari og Hörður Davíðsson og Jón Grétar Ingvason meðstjórnendur.

Félagið er opið öllum áhugasömum og fara þeir sem gerast stofnfélagar fram að næsta aðalfundi á stofnfélagalista. Árgjald þessa árs er kr. 10.000. Nauðsynlegt er að ná inn fjármagni til að komast af stað, en annarra styrkja verður einnig leitað.

**Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið [fotspor880@gmail.com](mailto:fotspor880@gmail.com) eða hringja í s. 893-4781 / 899-4694.**



*Stjórn Fótspora, f.v. Jón Grétar Ingvason, Ragnar Jónsson, Hörður Davíðsson og Ingibjörg Eiríksdóttir. Mynd: Skúli Jónsson, tekin við Skaftárósskýlið*